

## **19. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017**

Miðvikudaginn 3. maí kl. 20.00 var haldinn 19. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Í upphafi fundar var fundargerð 18. fundar stjórnar undirrituð en hún hafði áður verið staðfest með tölvupósti.

### **2. Ársskýrsla stjórnar og utankjörsatkvæðagreiðsla**

Farið var yfir skýrslu stjórnar sem verkefnastjóri og formaður, ásamt stjórnarmönnum, hafa unnið að að undanfögnu. Í fyrsta sinn verður utankjörsatkvæðagreiðsla í boði hjá félaginu en hún hefst 11. maí og fer fram á skrifstofu félagsins. Gefst félagsmönnum þannig kostur á að nýta kosningarétt sinn og kjósa í stjórn HRFÍ komist þeir ekki á aðalfund félagsins. Í kjörstjórn sitja Ari Karlsson, Jónas Friðrik Jónsson og Guðný Rut Ísaksen.

### **3. Fundur með fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar**

Formaður og verkefnastjóri gerðu grein fyrir fundi með Hrólfi Jónssyni, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs hjá Reykjavíkurborg, 19. apríl sl. Hrólfur hafði boðað til fundarins í kjölfar erindis sem stjórn sendi Reykjavíkurborg fyrir stuttu varðandi lóð fyrir framtíðarhúsnæði félagsins. Fundurinn gekk vel og var upplifun þeirra af viðræðum við Hrólff jákvæð.

### **4. Íþróttasamband Íslands**

Stjórn ræddi möguleikann á því að sækja um aðild HRFÍ að ÍSÍ og telur HRFÍ hafa

margt til brunns að bera sem ætti að ýta undir jákvæð viðbrögð ÍSÍ. Auður og Pétur munu hafa yfirumsjón með verkefninu fyrir hönd stjórnar og ráðast í það á næstunni.

#### **5. Reglur um nám veiðiprófsdómara í tegundahópi 7**

Stjórn ræddi leiðir varðandi reglur um nám veiðiprófsdómara í tegundahópi 7 og ákvað að boða dómarráð á fund fljótlega til að ræða mögulegar leiðir.

#### **6. Ársfundur Schäferdeildar**

Á ársfundi Schäferdeildar, sem aðeins fimm aðilar sátu, var samþykkt að sækja um sameiningu deildarinnar við Fjár- og hjarðhundadeild og þar af leiðandi leggja Schäferdeild niður. Stjórn telur að auglýsa þurfi sérstaklega í fundarboði tillögu að sameiningu deildar við aðra deild eða niðurlagningu deildar.

Stjórn leggur til að Schäferdeild boði til sérstaks fundar þar sem tillagan verði kynnt í fundarboði og meðlimum deildarinnar þannig gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna og kjósa.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 22.30. Næsti fundur verður boðaður þegar ársreikningur berst.